



Rennslishættir vatns í Landbroti og Meðallandi. Helstu niðurstöður rannsókna 1993-96

**Kristinn Einarsson,
Freysteinn Sigurðsson,
Snorri Zóphóníasson**

Greinargerð KE-FS-SZ-97-03

Rennslishættir vatns í Landbroti og Meðallandi. Helztu niðurstöður rannsókna 1993–96.

Inngangur

Með bréfi dags. 8. júní 1993 fór Steinþímur Ingvarsson, umdæmisverkfraeðingur Vegagerðarinnar á Suðurlandi, þess á leit við Orkustofnun f.h. stofnunar sinnar, Landgræðslu ríkisins og Skaftárhrepps, að sett yrði upp rannsóknaráætlun „um tengsl milli vatns sem rennur úr Skaftá út í Eldhraun og lækja í Landbroti”. Umbeðinni áætlun var skilað með bréfi Orkustofnunar dags. 5. júlí 1993, og var hún formlega samþykkt með bréfi Vegagerðarinnar f.h. aðilanna þriggja dags. 29. september 1993. Fóru þar með af stað allumfangsmiklar rannsóknir á rennsisháttum vatns í Landbroti og Meðallandi, með meginþunga á árunum 1994–1996. Hefur verið skilað árlegu uppgjöri og rannsóknaáætlun fyrir næsta ár jafnóðum (Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1993, 1994b, 1994c, 1995, 1996 og 1997).

Af hálfu Orkustofnunar unnu einkum að rannsókninni jarðfræðingarnir Freysteinn Sigurðsson (grunnvatn og vatnajardfræði) og Snorri Zóphóníasson (rennsli í ám og lækjum, jökulhlaup og aurburður), en Kristinn Einarsson vatnafræðingur var verkefnistjóri. Benedikt Lárusson, byggingsarfulltrúi á Kirkjubæjarklaustri, gegndi mjög mikilsverðu hlutverki á vegum Skaftárhrepps við reglulega gagnasöfnun og sýnatoku í héraði. Efnagreiningar fóru fram á rannsóknarstofu Orkustofnunar.

Áfangaskýrlur um niðurstöður rannsókna Anna hafa verið birtar á tímabilinu (Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1994a; Snorri Zóphóníasson, 1994; Frey-

steinn Sigurðsson 1995a, 1997a) og rannsóknir á aurburði og hlaupum í Skaftá á vegum Orkustofnunar og Vegagerðar ríkisins hafa verið stundaðar samhliða (Svanur Pálsson og Snorri Zóphóníasson, 1992; Páll Jónsson, 1993; Snorri Zóphóníasson og Svanur Pálsson, 1996). Einnig hafa verið athugaðir á vegum Orkustofnunar möguleikar á að veita Skaftá um Langasjó til virkjana í Tungnaá og Þjórsá, og losna samtímis við sem mest af aurburði árinnar, en hann veldur þéttingu hrauna, kaffæringu gróðurlendis, áfoki og upplæstri (Halldór Pétursson o.fl., 1994).

Tvennt hefur einkum seinkað skilum á þeim rannsóknaniðurstöðum, sem að var stefnt í upphafi, og nú liggja hér fyrir, annars vegar í þessari greinargerð um helstu niðurstöður, og hins vegar í þeim tveimur gagnaskýrslum sem byggt er á (Freysteinn Sigurðsson, 1997b; Snorri Zóphóníasson, 1997). Fyrst ber að nefna, að 1993 kom „lítið“ Skaftárhlaup í stað þess „stóra“, sem vænzt var og á þurfti að halda til að geta metið áhrif hlaupanna, og létt það bíða eftir sér til 1995. Purfti þar með að sinna rannsóknum á tveimur Skaftárhlaupum í stað eins, með tilheyrandi vinnu og kostnaði. Í öðru lagi var svo öllum öðrum verkefnum ýtt til hliðar hjá Vatnamælingum Orkustofnunar, meðan sinnt var eftirliti í aðdraganda Skeiðarárhlaups haustið 1996 og rannsóknum á hlaupinu sjálfu, ásamt skýrslugerð þar um.

Hér á eftir er fjallað um rannsóknarefnið og aðferðir þær sem beitt var því til úrlausnar, teknar saman niðurstöður og gerðar tillögur um mögulegar aðgerðir á grundvelli þeirra. Einnig fylgir ítarleg heimildaskrá.

1 Rannsóknarefni og -aðferðir

Vandamálið í hnottskurn. Á síðustu áratugum hafa náttúruöflin verið óspör á krafta sína við Skaftá og í Eldhrauni. Hlaup hafa verið mikil í ánni og þeim fylgt mikill aur, sem skapar setfyllur jafnt ofan jarðar sem neðan, á söndum, í glufum og í gjótum. Afleiðingarnar hafa verið sandrok og uppblástar, gróðureyðing eða gróðurbreytingar, þéttung hrauna og minna lindarennsli. Samhliða þessum náttúrulegu breytingum vilja menn gjarna lifa betra lífi á hinum ýmsu sviðum sem háð eru náttúrunni, eða í öllu falli halda sínu. Getur þá orðið misjafnt matið á því, á hvern veg beri að sveigja náttúruöflin. Vörn við ágangi eða tilraun til umbóta hjá einum kann að skapa verri kost hjá öðrum.

Bændur í Landbroti hafa að sínu leyti viljað halda uppi áveitum úr Skaftá út á Eldhraunið um Brest og talið það vera grunnvatnssstreymi helzt til framdráttar í Landbroti og Meðallandi. Þar í sveitum eru fræg veiðivötn fyrir sjóbirting, svo sem Grenlækur, Tungulækur og Eldvatn. Vaxandi atvinnugrein er bleikjueldi í kerjum, sem einnig þarf sitt vatn.

Vegagerð ríkisins og Landgræðsla ríkisins hafa viljað takmarka áveitum út á Eldhraunið og talið það minnka sandburð með tilheyrandi uppblástri og skemmdum á gróðri jafnt sem bílum, er fara um þjóðveginn.

Vaxandi ferðaþjónusta hefur hagsmuni af að varðveita Eldhraunið frá 1783 og hinn sérkennilega mosagróður á því, jafnt fyrir uppblástri og gróðurbreytingum, til að geta sýnt það ferðamönnum. Sömuleiðis fara almennir hagsmunir hennar saman við sjónarmið umhverfis- og gróðurverndar, eins og glöggt kemur fram í stefnumótun Skaftárhrepps.

Tilgangur rannsókna þeirra sem hér er lýst hefur verið að öðlast þekkingu og skilning

á þeim vatnafræðilegu ferlum sem að verki eru í Skaftá og í Eldhrauni, og veita ráð á þeim grunni um, hvað hægt sé að gera til úrbóta án þess að einn skaðist umfram annan, sé það á annað borð mögulegt.

Mælakerfið. Árið 1951 hófu vatnamælingar Raforkumálastjóra fyrstu mælingar á rennsli Skaftár, þar sem brúin heim að bænum Skaftárdal er nú. Síðan hefur verið rekinn þar vatnshæðarmælir, vhm070, og smám saman var bætt við mælistöðvum á fleiri stöðum, sem nýtzt hafa við þessar rannsóknir. Aðalmarkmiðið hefur frá upphafi verið gagnasöfnun vegna beizlunar vatnsorku, og var við upphaf þeirra rannsókna sem hér er lýst nýbúið (1992) að leggja af mælingar í Tungulæk við Efstalækjarbrú, vhm184, þar sem þær virtust þegar orðnar fullnægjandi fyrir þarfir orku-iðnaðarins.

Að sjálfsögðu voru mælingar í Tungulæk þegar hafnar að nýju á árinu 1993, enda var brunnur, hús og tæki enn á sínum stað. Eftirtöldum vatnshæðarmælum var síðan bætt við fyrra kerfi vegna rannsóknanna:

- vhm329 Grenlækur; ofan þjóðvegar. Mælistöðin var rekin frá júní 1993 til desember 1994, en var síðan flutt neðar með ánni, niður undir Landbrotsá, og hefur þar númerið vhm339. Rennslismælingar eru einnig gerðar í Landbrotsá, svo rennslislykill er tvöfaldur, aukanúmer fyrir Grenlæk neðan Landbrotsár er vhm369. Síriti skráir gögn frá þrýstiskynjara.
- vhm330 Eldvatn í Meðallandi; Hnausar og síðar brú á þjóðvegi, undir sama númeri. Síriti skráir gögn frá þrýstiskynjara.
- vhm337 Fljótsbotn; Botnar. Kvarði er til vatnshæðarálestra.
- vhm338 Jónskvísl; við þjóðveg. Kvarði er til vatnshæðarálestra.

- vhm341 Pykkvabæjarlækur. Mælistífla með kvarða (og síriti/prýsti-skynjari til bráðabirgða).

Bráðabirgðakvarðar voru einnig settir við gömlu brúna yfir Brest, sem nú hefur verið endurnýjuð, og við brú á þjóðvegi yfir Tungulæk.

Á árinu 1997 eru reknar 12 síritandi vatnshæðarmælistöðvar í Skaftárhreppi og ein sjálfvirk veðurstöð. Í áranna rás hafa verið gerðar stakar samanburðarmælingar á rennsli margra annarra vatnsfalla. Að sjálfsögðu hafa gögnin frá mörgum eldri stöðvanna, sem orkugeirinn kostar, nýtt í þágu rannsóknanna. Nú að afloknum þessum rannsóknarafanga þarf að meta það að nýju, hvort þörf sé á rekstri framan-greindra mælistöðva í bráð eða lengd, og hverjir hafi næga hagsmuni til að þeir vilji bera kostnaðinn sem því fylgir.

Rennsli vatnsfalla er sveiflukennt og ræðst oftast af veðurfari, ekki aðeins síðustu klukkustunda, heldur daga og vikna, jafnvel ára. Það koma vatnsrík og vatnsrýr ár, jafnvel fleiri í röð. T. d. hefur vatns-ríkasta árið mælst með 80 % meira meðalársrennsli en það vatnsrýrasta í Skaftá við Skaftárdal. Meðalársrennsli segir heldur ekki allt um rennslið. Rennsli Skaftár við byggðina á Kirkjubæjklaustri hefur orðið nálægt $5 \text{ m}^3/\text{s}$ í langan tíma á frostavetrum á útmánuðum. Aðra vetur geta verið lang-tíma hlýindi og rigningar. Á vetrum, þegar jörð er freðin og grunnvatnsstaða lág, hafa vatnsveður og jökulhlaup lítil áhrif á rennsli linda. Lekt yfirborð getur þétt í umhleypingum, t. d. þegar krapi frýs í lautum.

Vatnið, sem upprunalega berst að með úr-komunni, fer margar ólíkar leiðir og tím-inn, sem það tekur vatnið að skila sér fram, er mjög mislangur. Á lekum hraunsvæðum fer hluti úrkomunnar beint niður í grunn-vatn. Mikið vatn er hins vegar bundið í jökl-inum og ýmis ytri öfl hafa áhrif á hvenær hann er gjöfull. Vatnsvið Skaftár nær inn

á ísasvið þriggja skriðjöklar. Hlutur jökul-bráðnunar í meðalársrennsli við Skaftárdal er um eða undir 30 %. Framhlaup úr tveimur jöulkoltum valda miklum vexti í stuttan tíma, þar sem Skaftá hleypur langt upp fyrir sinn venjulega farveg út á lek hraun, og vatnið hripar niður í grunnvatn og skilar sér ekki strax aftur inn í ána, þegar lækkar í henni, heldur kemur einnig fram annars staðar. Þetta má greinilega sjá með því að bera saman rennsli í Skaftá við Sveinstind annars vegar og Ása-Eldvatni við Eystri-Ása og Skaftá við Kirkjubæjarklaustur hins vegar. Tugi milljóna m^3 vantart af hlaupvatninu við neðri mælistaðina og um helming aursins. Fyrst eftir að Skaftáreldhraunið rann, náði Skaftá ekki yfir hraunið. Vatnið hefur þá bæði lekið niður og gufað upp. Og enn lekur, eins og glöggtr má sjá á rennsli lækja í Landbroti og Meðallandi og vatnsstöðu í Fljótsbotni, þótt aurfylling af völdum jökulvatnsins dragi þar úr.

Markmiðið með þessum rannsóknum var að finna út, hvaðan lindavatnið er upp-runnið og hvaða þættir valda breytingum á rennsli. Sérstaklega var leitað áhrifanna af lokun Brests. T. d. var beitt þeirri aðferð, að útjafnaður rennslisferill áranna 1979 til 1991 var lagður ofan í ársferil viðeigandi vatnshæðarmælis, Skaftár við Skaftárdal, Skaftár við Kirkjubæjklaustur og Tungulækjar. Með þessu var reynt að sjá, hvort Tungulækur hafi hlotið minna vatn eftir lokun Brests miðað við Skaftá við Skaftárdal og Skaftá við Kirkjubæjklaustur. Þetta eru þeir mælar, sem hafa verið í lang-tímarekstri og geta gefið upplýsingar um liðna tíð. Flest frávik frá meðaltali mátti skýra með veðurfari eða Skaftárhlaupum, að undanteknu rennsli Skaftár við Kirkjubæjarklaustur. Það er nokkuð langt fyrir ofan meðallag á nær öllu tímabilinu frá 1992. Þetta verður að skýra þannig, að því vatni sem rann um Brest var veitt austur.

Aurburður. Auk rennslisgagnanna aflar Orkustofnun reglulega sýna af framburði

jökulvatna. Þessi reglulega sýnataka hófst um 1970. Safnað hefur verið sýnum við mælistöðvarnar, mest við Skaftárdal, Hverfisfljót og Djúpá. Jökulár þéttu botn sinn með jökulaurnum, sem berst með þeim. Samkvæmt sýnum úr Skaftárhlaupum gæti samanlagður svifaur úr hlaupunum síðan 1955 þakið 70 km^2 lands með 1 m þykku lagi, og er þá ótalinn allur grófur sandur og botnskrið. Eins og áður sagði, sest um helmingur aursins til á leiðinni milli Sveinstinds og Ása-Eldvatns í hlaupum. Aurinn er það fíngerður, að langan tíma tekur að þéttu stóra og galopna svelgi. Fyrst þéttist sá hluti farvegarins, þar sem áin liggur lengst. Í vatnavöxtum stígur vatnið upp í bakkana og kemst þar í nýja lekastaði, sem þéttast mun hægar vegna þess að vatnið streymir um þá í skemmri tíma.

Samspil aurburðar og rennslis í Eldhrauni. Um 1980 töldu menn sig merkja, að það væri orðið minna rennslu úr lindum í Landbroti og Meðallandi frá því, sem áður var. Samkvæmt gögnum Vatnamælinga hafði meðalársrennslu Skaftár við Skaftárdal minnkað frá því að mælingar hófust 1952. Upp úr 1960 voru Árkvíslar stíflaðar vegna vegaframkvæmda. Við það dró úr lekum niður í hraunið, auk þess sem jökulvatnið hélt áfram að þéttu það. Menn reyndu að komast framhjá afleiðingunum af þettingu yfirborðsins með því að veita vatni út á ný lek hraunavæði. Um 1980 var vatnsrennslu aukið út á hraunið með görðum við Árhól. Þessi veita hefur gengið undir nafninu Brestur, og um 1990 hefur meðalrennslu hennar verið orðið $10 \text{ m}^3/\text{s}$ eða meira. Með þessu vatni berst mikill sandur út á hraunið og veldur sandfoki, þegar aurinn þornar, meðan vatnið liggur ekki á. Árið 1992 var lokað fyrir þessa veitu að mestu, þar sem sumum þóttu rökin fyrir tilvist hennar og vatnsmagnið orka tvímælis. Greina má breytingar af völdum þeirra aðgerða á rennslissíritum. Eftir að hætt var að beina ánni út á lekasvæði, hefur meðalrennslu Skaftár við Kirkjubæjarklaustur,

sem var lengst af 35 til $38 \text{ m}^3/\text{s}$, aukist í 50 m^3/s síðustu fjögur ár. Þetta þýðir, að það hefur alltaf lekið mikið vatn út í hraunið, sennilega svipað og rann út um Brest.

Grunnvatn. Sérstakri rannsóknáætlun var fylgt við athugun á grunnvatnsfari í hraununum í Landbroti og Meðallandi. Safnað var upplýsingum um vatnshag og vatnamælingar, vatnajardfræði og lindafar og ástand lindavatnsins, einkum efnainnihald og vatnshita. Nokkur vitneskja var fyrir hendi af fyrri rannsóknum á lindum og grunnvatni, sem gerðar voru á sínum tíma vegna fiskeldis, en mikilla gagna var aflað þar til viðbótar. Fyrir utan reglulegar mælingar á hita, leiðni og sýrustigi á allmögum stöðum í lindum, lækjum og ám og mælingar eða áætlanir um vatnsstöðu og rennsli, voru tekin regluleg vatnssýni á völdum stöðum til greiningar á tveimur einkennandi efnum, súlfati og klóríði, sem ásamt öðrum upplýsingum, t. d. vatnshita, gátu sagt til um uppruna vatnsins. Hátt innihald súlfats einkennir „hlaupvatn“ úr Skaftárkötum langt inni í landi, en hátt innihald klóríðs einkennir skammt að runnið „úrkomuvatn“ sem ekki hefur fallið langt frá ströndinni.

Á grundvelli þessara gagna var hægt að greina lindavatnið eftir upprunaþáttum. Höfuðþættirnir eru þrír:

- A. Úrkoma á hraunin: Rennsli um $11 \text{ m}^3/\text{s}$, meðalhiti um 5°C , styrkur klóríðs $10,5\text{--}17,5 \text{ mg/l}$.
- B. Ketilvatn frá Skaftárkötum, blandað jökulbráð og úrkomu: Rennsli $20\text{--}21 \text{ m}^3/\text{s}$, vatnshiti $3\text{--}3\frac{1}{2}^\circ\text{C}$, klóríð 6 mg/l , súlfat 20 mg/l .
- C. Lekar frá Skaftá: Rennsli $9\text{--}10 \text{ m}^3/\text{s}$, ástand vatnsins breytilegt.

Skaftárvatnið má greina upp í þrjá meginþætti:

- C.1. Hlaupvatn og summaráflæði: $3-3\frac{1}{2}$ m³/s, vatnshiti $> 5^{\circ}\text{C}$, klóríð 3 mg/l, súlfat 10 mg/l (sumarvatn) eða 20-30 mg/l (hlaupvatn).
- C.2. Heilsárslekar, einkum ofan Skálar og Skálarstapa: $3-3\frac{1}{2}$ m³/s, vatnshiti um 4°C , klóríð 4,5 mg/l, súlfat 10 mg/l.
- C.3. Vetrarvatn, einkum neðan Skálar og Skálarstapa: $3-3\frac{1}{2}$ m³/s, vatnshiti $< 1^{\circ}\text{C}$, klóríð 5 mg/l, súlfat 6 mg/l.

Grunnvatnið rennur fram í veitum (aquifers), sem fylgja að mestu leyti hraunamyndunum svæðisins:

- Botnahraun er neðst, en í því rennur einkum fram ketilvatnið, mest til Eldvatns í Meðallandi.
- Landbrothraun, en í því renna einkum fram stöðugir lekar frá Skaftá og blanda þeirra við ketilvatnið.
- Eldhraunið frá 1783, en í því rennur einkum fram hlaup- og summarvatn eða grunnvatn við háa grunnvatnstöðu. Lindir undan því eru eins konar yfirlögg úr grunnvatninu, með mikið summarrennsli en oft þurrð á veturna (Tungulækur, Grenlækur, Steinsmýrarfljót, Fljótsbotn).

Hlaupvatn og summaráflæði renna einkum um Eldhraunið og til yfirfallslindanna. Heilsárslekar renna nokkuð jafnt til Meðallands og Landbrots, lítið til Norður-Landbrots en gætir glöggt í vetrarvatni í Tungulæk og Grenlæk. Vetrarvatns frá Skaftá gætir mest í Norður-Landbroti en einnig í vetrarvatni í Tungulæk og Grenlæk.

Mikið flæði jökulvatns á hraunin leiðir til sandburðar, þéttigar farvega, minna lindarennslis, að lokum rennslis jökulvatns fram af hraununum, sandfoks, gróðuruspjalla og annarra náttúruspjalla. Lokun áflæðis leiðir til minna lindarennslis, einkum í lækjum frá yfirfallslindunum, og jafnvel spjalla á lífríki lækjanna.

Tímabundin leið til úrbóta er að veita sem mestu bergvatni frá Skaftá út á hraunin á völdum stöðum og halda á þann hátt uppi hárri grunnvatnsstöðu í hraununum og verulegu rennsli úr lindum. Þessum veitum yrði að beina á valda staði og stýra þeim allt árið, en bergvatnið er einkum tiltækt á vorin (apríl-júní). Slík stýring krefst reglulegs samráðs hagsmunaaðila og hlýtur að styðjast við eftirlit með því, hversu vandin er stór hverju sinni og hvern árangur aðgerðirnar bera, bæði í bráð og lengd. Jökulvatnsíveitur í lágmarki og á valda staði á sumrin eru neyðarúrræði við bága grunnvatnsstöðu í kjölfar óhagstæðs veðurfars. Miðlun Skaftár í Langasjó eða öðrum uppistöðulónum myndi draga úr skaðsemi síkrar jökulvatnsíveitu.

2 Helztu niðurstöður

2.1 Rennsli vatnsfalla

Eins og áður segir má skýra flest frávik frá meðalrennsli á árunum eftir 1992, í Skaftá við Skaftárdal og Tungulæk við Efstalækjárbrú, með veðurfari eða Skaftárhlaupum. Annað gildir um rennsli Skaftár við Kirkjubæjklaustur. Það er nokkuð langt fyrir ofan meðallag á nær öllu tímabilinu. Þetta verður að skýra þannig, að því vatni, sem rann um Brest, var veitt austur. Meðalrennsli Skaftár við Kirkjubæjklaustur hækkar úr 35 til 38 m³/s í 50 m³/s eftir lokun Brests. Tungulækur heldur hins vegar sínu, því líklegt er að aukinn leki til hans úr austurgrein Skaftár vegi upp á móti tapinu, þegar rennslið var takmarkað um Brest.

Þau tímabil, sem rennsli Tungulækjar er undir meðallagi, má sjá, að það sama gildir um Skaftá við Skaftárdal. Í mars-apríl 1995 var rennsli með allra minnsta móti í öllum lækjum og ám á Suðurlandi. Skaftá, Hverfisfljót og Djúpá eru hins vegar vatnsmiklar á jökulleysingatíma 1995 og 1996. Þetta eru áhrif frá framhlaupi jöklanna árið 1994.

Prátt fyrir það, að betra hefði verið að safna gögnum um rennsli í Grenlæk og Eldvatni og grunnvatnsstöðu í Fljótsbotni í einhvern tíma áður en farið var að breyta rennslinu, hafa vatnshæðarmælar á þessum stöðum gefið mikilsverðar upplýsingar. Rennsli í ofanverðum Grenlæk svipar mjög í háttum til rennslis Tungulækjar, en þegar neðar dregur eykst hlutur dýpra aðkomins og stöðugs grunnvatns (t. d. Landbrotsá), samtímis því sem tiltölulega meira ber á vorleysingavatni af stærra vatnasviði. Eldvatn í Meðallandi er með vatnsmeiri lindaám í landinu, en sveiflur í rennsli þess eru þó nokkrar. Rennsli í Þykkvabærjarlæk haggast varla fremur en í Landbrotsánni. Jónskvísl er aðeins vatnsmeiri og breytilegri í rennsli, þótt stöðug verði að teljast.

2.2 Grunnvatn

Hér á eftir eru dregnar saman niðurstöður rannsóknanna hvað grunnvatnið varðar. Drepioð verður á upprunaþætti lindavatnsins og skiptingu þess milli svæða, meginveita og helstu grunnvatnsstrauma, og álíklegar vatnabreytingar af náttúrulegum ástæðum og af mannavöldum ásamt afleiðingum þeirra.

2.2.1 Upprunaþættir lindavatnsins

Greina má að þrjá meginþætti í lindavatnini:

- „Ketilvatn”, líklega frá hitakötlunum í Vatnajökli, sem Skaftárhlaup koma úr. Rennur líklega niður á láglendi í hraunum fylltum, fornum gljúfrum Skaftár. Niður undir Fljótsbotni og Skálarstapa er þetta vatn, blandað úrkому á hraunin neðan Skaftárdals, líklega $20-21 \text{ m}^3/\text{s}$. Ekki er annað vitað, en þessi þáttur sé nokkuð stöðugur í rennsli.
- Úrkoma á hraunin neðan Fljótsbotns og Skálarstapa nemur líklega um 11

m^3/s að ársmeðaltali. Sveiflur milli ára eru nokkrar, en þó enn meiri milli árstíða. Þurrir og frostasamir veturna geta leitt til mjög lágrar grunnvatnsstöðu undir vorið, en í apríl-máí er minnst úrkoma að jafnaði á Kirkju-bæjklaustri. Stórrigningar að sumarlagi geta bætt talsvert við grunnvatn í hraununum.

- Lekar úr Skaftá, bæði úr eða við farveg hennar og á áflæðissvæðum í vatnavöxtum. Snjóaleysing að vori getur haft veruleg áhrif á rennsli Skaftár og þar með áflæði á hraunin, en það getur aftur leitt til hækkunar grunnvatns. Lítill vorleysing getur leitt til lítillar hækkunar grunnvatnsborðs á vorin og ársumars. Úrkoman er þannig í heild aðalþátturinn í stöðu grunnvatnsborðs undir summar.

Undanfarin ár hefur hlutur leka úr Skaftá og áflæðis á hraunin numið $9-10 \text{ m}^3/\text{s}$. Hann var mun meiri, meðan veitur voru mestar á hraunin. Mest munaði um þann meiri leka í rennsli Eldvatns, og hlutfallslega líklega mest í lindum hjá Steinsmóri, en einnig nokkuð í upptakalindum Grenlækjar og Tungulækjar undan Eldhrauninu.

Stöðugir lekar úr Skaftá, summar og veturna, gætu hafa numið $6-7 \text{ m}^3/\text{s}$ undanfarin ár. Af því lekur líklega a. m. k. $3-3\frac{1}{2} \text{ m}^3/\text{s}$ neðan við Skálarstapa, en á móta mikið eða aðeins minna ofan hans. Áflædisvatn, þ. m. t. hlaupvatn, sem lekur niður langt úti á hraununum, hefur líklega verið $3-3\frac{1}{2} \text{ m}^3/\text{s}$ að ársmeðaltali, þar af tæpur helmingur hlaupvatn.

Sveiflur virðast vera næsta litlar á magni og efnasamsetningu stöðugra leka úr Skaftá, a. m. k. verður þess tæpast vart í lindavatninu. Breytilegir lekar eru því sem næst einskorðaðir við áflædisvatn og hlaupvatn á sumrin, sem er líklega um eða yfir $3 \text{ m}^3/\text{s}$ að ársmeðaltali.

Hlaupvatnslekar gætu verið nærrí $10-20 \text{ m}^3/\text{s}$, jafnað á einn mánuð. Annað áflædis-

vatn gæti verið $4\text{--}8 \text{ m}^3/\text{s}$ að meðaltali yfir sumarmánuðina. Það vatn flæðir líklega einkum um Brest, en einnig á áflæðissvæðunum hjá Skál og neðar með Skaftá.

Um helmingur hlaup- og áflæðisvatnsins virðist koma fram í Eldvatni í Meðallandi. Lekur þá mest fram í Fljótsbotni, kringum Botna og hjá Mávavötnum. Það framrennslí dreifist fram á veturnar, þó að hlaup og annað skyndilegt áflæði geti valdið snöggi aukningu í rennsli á þessum lindasvæðum.

Pessa sumarvatns virðist lítið gæta í lindum í Landbroti en vera oft um eða yfir helmingur vatns í Grenlæk og Tungulæk undan Eldhrauninu að sumarlagi. Það kemur einkum fram í upptakalindunum undan Eldhrauninu. Tungulækur bregst mjög snöggt við þessu áflæði, einkum því sem flæðir á hraunin neðan við Skál. Viðbrögð í Grenlæk eru seinni og hægari og sennilega frekar frá áflæði ofar frá Skaftá.

Flestar lindir á rannsóknarsvæðinu, sem fylgst hefur verið með, hafa reynst vera stöðugar í rennsli og ástandi lindavatnsins. Árssveiflur í rennsli eru iðulega aðeins $\pm 10 - 15 \%$, en í yfirlallslindunum úr Eldhrauninu $\pm 50 - 100 \%$. Þær eru líka breytilegastar, hvað varðar efnainnihald og hita lindavatnsins. Megingrunnvatnsstraumurinn virðist því vera mjög stöðugur og sveiflur á honum litlar og hægar. Lítils háttar breyting á grunnvatnsstöðunni getur þó haft veruleg áhrif á „yfirlallslindir“, einkum í Eldhrauninu, en þar við bætast svo áhrif frá sumaráflæði Skaftárvatns og frá hlaupum. Efstu lindir í Landbroti spretta úr efsta borði grunnvatnsins og breytast því fyrst og mest við breytingar á grunnvatnsstöðunni, þó að heildarrennslí lindanna breytist sáralítið.

2.2.2 Meginveitar og grunnvatnsstraumar

Grunnvatnsrennslíð skiptist á og fylgir að verulegu leyti helstu hraunamyndunum á svæðinu, en greina má að þrenn hraun:

1. Botnahraun liggur neðst og sést einkum á yfirborði neðan við Botna og við Eldvatn í Meðallandi. Það er annað hvort komið af fjallabaki, þá líklega af slóðum Lakagíga, eða úr Hálsagígum undir Skálarfjalli. Hraunið nær líklega langleiðina út undir Kúðafjót og Ása-Eldvatn að vestan en norður undir byggð í Landbroti að austan. Meginstraumur ketilvatnsins rennur fram í því og fellur mest vatn úr því til Eldvatns í Meðallandi. Þétt móhellulag sést viða ofan á þessi hrauni (eða hraunum) og vella lindir upp úr því um sprungur og göt. Samkvæmt grófu mati falla $15 - 16 \text{ m}^3/\text{s}$ af ketilvatninu til Eldvatns, undanfarið um $1 \text{ m}^3/\text{s}$ til Steinsmýrarþarðar og $5 - 6 \text{ m}^3/\text{s}$ til linda í Landbroti. Það vatn virðist flæða austurnorðaustur úr Botnahraununum inn í Landbrotshraunin og blandast þar vatni í þeim hraunum.

2. Landbrotshraun liggja ofan á Botnahrauni og klofna í tvær tungur um það, niður hjá Leiðvelli og niður í Landbrot. Hraunið er líklegast komið frá gosrein Eldgjár, en deilt er um aldur þess og upprunastað. Þar sem það leggst upp á Botnahraunið virðast hraunin vera þéttari á vatn en annars staðar og *valda m. a. meginvatnaskilum milli Landbrots og Meðallands, frá Skálarstapa til Arnardrangs*. Stöðugir lekar úr Skaftá, eða við hana, renna að verulegu leyti fram í Landbrotshrauninu. Af þeim fara e.t.v. aðeins rúmlega $1 \text{ m}^3/\text{s}$ til Eldvatns, líklega um $\frac{1}{2} \text{ m}^3/\text{s}$ til Steinsmýrarfjóts en $4\frac{1}{2} - 5\frac{1}{2} \text{ m}^3/\text{s}$ til Landbrots. Lekar ofan Skálarstapa hafa meiri áhrif í sunnanverðu Landbroti en lekar neðan Skálar einkum norðan megin. Kalt og súlfatsnautt vetrarvatn lekur frá Skaftá neðan Skálar og breiðist út í Landbrotshrauninu norðan við Botnahraunið og kemur fram í lindum undan Eldhrauninu,

einkum á veturna. Hreinast kemur það fram ofarlega við Rás hjá Hólmi.

3. Eldhraunið (Skaftárel dahraunið) úr Lakagígum frá 1783 leggst yfir ofanvert Landbrotshraunið og í mjóum tungum beggja vegna við það og á móttum þess og Botnahraunsins niður að Steinsmýri. Hraun þetta er að líkindum hvergi nærri svo þykkt í byggð, sem talið hefur verið. Grunnvatnsrennsli er líklega ekki mikið í því árið um kring, en hraunið er hriplekt og fleytir greitt fram vatni við háa grunnvatnsstöðu eða áflæði á hraunið frá Skaftá. Sprettu þá að sumarlagi vatnsmiklar lindir fram úr því undan brún Eldhraunsins í Landbroti, hjá Mávavötnum og Fljótsbotni (þar lekur líka niður í Landbrotshraunið), en lekaleið er líklega eftir farvegi Deildarár og Steinsmýrarfljóts og þar undan Eldhrauninu. Yfirlallslekar þessir hafa líklega verið $3-4 \text{ m}^3/\text{s}$ að ársmeðaltali hin síðari ár, þar af hlaupvatn líklega $1-1\frac{1}{2} \text{ m}^3/\text{s}$. Lekasvæði til Meðallands eru líklega mest ofan við Skálarstapa og um Brest, en frá Skálarstapa og niður að Holtsdal til Landbrots. Upptakalindir Tungulækjar og lindir við Fljótsbotn bregðast fyrstar við áflæði (yfirlinnu), en lindir í Fljótakróki (Steinsmýrarfljót) munu einnig hafa brugðist við merkilega fljótt.

Grunnvatnsstraumar fylgja hinum einstöku hraunum að miklu leyti, a. m. k. á stórum svæðum, en þeir mynda þó einn samfelldan grunnvatnsbol og blöndun er talsverð á milli þeirra. Auk þess hefur grunnvatnsstaðan áhrif á allan grunnvatnsbolinn, svo að straumar þessir eru hvergi nærri aðskildir og óháðir hver öðrum í rennsli sínu. Vatnajarðfræðilegar aðstæður og grunnvatnshæð og -rennsli valda því, hversu mikið einstakir grunnvatnsstraumar fylgja einstökum hraunum. Væri t.d. ketilvatnsstraumurinn innan að mun minni að vatnsmagni, þá er líklegt að úrkoma og Skaft-

árlekar rynnu í miklu meiri mæli niður í Botnahraunin og fylgdu þeim. Væri hins vegar ketilvatnið mun meira, þá stæði grunnvatn hærra og miklu meira vatn rynni að staðaldri um Eldhraunið.

Úrkoma á hraunin sígur yfirleitt niður til grunnvatns, þar sem hún fellur á þau. Vatnaskil og straumar næst yfirborði ráða því mestu um það, hvert úrkomuvatnið berst. Samkvæmt grófu mati falla um $11 \text{ m}^3/\text{s}$ að ársmeðaltali á hraunin neðan Skálarstapa og Fljótsbotns. Þar af renna um eða yfir $6 \text{ m}^3/\text{s}$ til Eldvatns, sem er í samræmi við framangreinda legu megingrunnvatnsskila á hraununum. Um eða innan við $1\frac{1}{2} \text{ m}^3/\text{s}$ renna til Steinsmýrarskurðar og linda sunnan Arnardrang, en þar gætir úrkому einna mest í grunnvatninu við núverandi vatnafarsaðstæður. Til Austur- og Norður-Landbrots renna $1\frac{1}{2}-2 \text{ m}^3/\text{s}$, til hvors svæðis um sig, og gætir úrkому þar yfirleitt því meira, sem utar kemur á hraunin. Vetrarblota og stórrigninga gætir glöggt, þar sem hlutur úrkому er mikill. Á frostþurrum vetrum bætist mjög lítil úrkoma við grunnvatnið og veldur það talsverðri lækkun grunnvatnsborðs og þurrð í yfirlallslindum og öðrum efstu lindum. Vorleysingar, Skaftárlekar og sumarrigningar valda því, að rennsli linda eykst síðsumars undir venjulegum kringumstæðum. Orsakast það ekki síst af hækkun grunnvatnsborðsins. Hlaupin undanfarin ár hafa svo valdið snöggri og aukalegri hækkun grunnvatnsborðs og stórauknu rennsli í yfirlallslindunum. Dreifing úrkому yfir árið er snarasti þátturinn í grunnvatnsstöðunni og þar með hvort og hvenær yfirlall verður í téðum lindum úr grunnvatnsgeyminum. Peim þætti verður ekki ráðið með manna-anna gjörðum.

Aflæði Skaftár er hægt að stýra að vissu marki. Írennsli veldur hækkun grunnvatnsborðs, en hún hleypir þrýstibylgu niður grunnvatnsstrauminn, sem veldur hækkun grunnvatnsborðs á leið sinni og auknu rennsli, einkum í yfirlallslindum. Slíkra áhrifa frá hlaupum hefur gætt eftir 1-

3 vikur í yfirlallslindum og öðrum uppsprettum, sem nærri liggja. Þessi hækkun gengur skjótt yfir, en vatnsaukans gætir lengur, þó í mun minna mæli sé. Í lindum úti undir brún Landbrotsins verður aukning eða þurrð víða mest 3-4 mánuðum eftir að viðvarandi orsaka hennar gætir uppi á áflæðissvæðunum á Eldhrauninu (vatnsborðshækun og áflæði frá Skaftá, summarúrkoma, vetrarþurrkar). Svipaðan tíma tekur vatnið sjálft að skila sér til lindanna frá áflæðis- eða hlaupsvæðunum, eins og sjá má á efnainnihaldi þess.

2.2.3 Vatnabreytingar

Við náttúrulegar aðstæður, ótruflaðar af manna völdum, myndi Skaftá smátt og smátt kvíslast um hraunin, þéttu undir sig, flæmast víða með sandburði í vatnavöxtum og falla loks í jölkvikslum fram af þeim. Þetta ylli stórspjöllum á Eldhrauninu, sem er talið einstakt náttúrufyrirbæri á veraldarvísu, eyðingu á gróðurfeldi þess og uppgreðslum á hrauninu, sandfoki, mistri og umferðarhömlum af þeim sökum, auk þess sem drægi úr lekum niður í hraunið og lindarennslis, vegna þettingar þess. Á móti þessu gæti unnið, þó að hægara gengi líklega, að Skaftá og Eldvatn í Skaftártungu (Ása-Eldvatn) græfu sig niður og hættu að flæða upp á hraunin. Þá tæki fyrir íbót við grunnvatn frá áflæði og vera má, að stöðugir lekar þyrru líka, ef árnar kæmst í jafnvægi í farvegum sínum. Við það minnkaði lindarennslis almennt, en mest þó í yfirlallslindum þeim, sem auka summarrennsli til Tungulækjar, Grenlækjar, Steinsmýrarfljóts og Fljótsbotns. Allt ber þar að einum, lekum brunni, að lindalækir þessir eru dæmdir til að þverra með tímanum, ef ekkert verður að gert.

3 Mögulegar lausnir og eftirlit með árangri

Ýmsar aðgerðir hafa verið í umræðu til að halda uppi summarrennsli í lindalækjunum og varna sandburði út á hraunin, en þær stangast eðlilega oft á, eftir því hvar aðaláherzlan er lögð. Ferns konar aðgerðir hafa verið mest í umræðu:

1. Auknar veitur jökulvatns úr Skaftá út á hraunin til að halda uppi summarrennsli í lindavötnum. Því fylgir aukinn sandburður, með öllum tilheyrandi afleiðingum, auk þess sem þessi lausn leiðir að lokum til þettingar áflæðissvæðanna, minna lindarennslis og rennslis jökulvatns fram af hrauninu.
2. Lokun fyrir flæði jökulvatns út á hraunin til að draga úr sandburði og afleiðingum hans. Því fylgir, að öðru óbreyttu, rýrnun á grunnvatnsstreymi og þurrð á lindavötnum, einkum úr yfirlallslindunum, með skerðingu á fiskigengd og raforkuvatni.
3. Miðlun Skaftár uppi á fjöllum, eða í Langasjó, til að jafna rennslissveiflur og fella út grófari sand og svifausr. Þessi aðgerð myndi draga úr mesta áflæði á hraunin, einkum í hlaupum, og minnka sandburð í þeim að einhverju marki. Íveitir jökulvatns væru þá ekki eins skaðlegar og ella, hvað sandburð og landsspjöll varðar. Vandinn er ekki leystur með þessu móti, en þó er dregið úr honum.
4. Veiting jökulvatns Skaftár yfir til Tungnaár eða Tungulfjóts, þar sem það yrði virkjað. Ekki er víst, að öllu jökulvatni yrði með þessu móti veitt burtu, einkum í hlaupum og öðrum meiri háttar vatnavöxtum. Sandburðarvandinn yrði leystur með þessu móti, en um leið yrði dregið úr áflæði vatns á sumrin, auk þess sem vera má, að stöðugir lekar úr Skaftá rýrnuðu til

munu. Lindarennslí myndi því minnka og yfirfallsvatnið líklega hverfa, nema eitthvað annað komi til.

Ekki er í sjónmáli nein endanleg lausn, sem leysir öll vandamál í einu og senn. Hins vegar er brýnt að ráða bót á verstu vandamálunum sem fyrst, því að þau fara hríðversnandi, bæði sandburður og vatnsrýrð. Það er svo undir hlutaðeigandi aðilum komið, hvort þeir vilja leita áfram framtíðarlausna og hvernig þeir vilja að því ganga.

3.1 Núll–lausnin

Rétt er að geta þess, að vissulega má hugsa sér þá lausn að hafast ekki frekar að. Drægi þá smám saman úr lindarennslí í Landbroti og Meðallandi, fyrst og mest í yfirfallsvötnum. Skammgóður vermir væri að því að leyfa jökulvatni úr Árkvíslum að flæða nær óheft um hraunið, og hefur afleiðingum þess verið lýst hér að ofan, en þær eru margar hverjar skaðlegar.

3.2 Hinn gullni meðalvegur

Tímabundin lausn felur í sér að sneiða af verstu annmarka á núverandi ástandi, en þess er þó ekki að vænta, að þeim verði með öllu útrýmt. Markmiðið hlýtur að vera að skerða sandburðinn með jökulvatninu sem mest og rýra um leið lindarennslíð sem minnst, ekki sízt sumarrennslíð. *Grundvallaratriði í því sambandi er að veita sem mestu bergvatni út á hraunin og byggja upp sem hæsta grunnvatnsstöðu í þeim. Í sammæri við vitnesku þá, sem nú er fengin um legu vatnaskila í grunnvatninu, má veita bergvatni út á hraunin austan eða vestan vatnaskilanna, allt eftir því hvar þörf krefur helzt hverju sinni.* Sjálfsgagt er að kanna sérstaklega kostnað við föst veituvirki austan og/eða vestan grunnvatnsskilanna, á móti breytilegum kostnaði við tíma bundnar veitur og garða frá ári til árs.

Bergvatn úr Skaftá er einkum tiltækt apríl–

júní, en stundum þó strax í mars og jafnvel fram í júlí. Haustvatn er einkum tiltækt frá miðjum september og fram eftir október. Til að halda uppi rennsli í yfirfallslindunum yfir hásumarið er líklega hentugt að veita vatnini inn á hraunin neðarlega, en fyrir stöðugt rennsli um langan tíma er hentugra að veita því á hraunin ofarlega. Til að auka rennsli sem mest í yfirfallslindunum þarf að reyna að koma veituvatninu á hentuga staði: Um Brest niður fyrir þjóðveg fyrir Fljótsbotn, sem lengst austur um Brest fyrir Steinsmýrarfljót, móts við og neðan við Skál fyrir Grenlæk, og neðan við Skál eða móts við Holtsdal fyrir Tungulæk. Til almennrar og langvarandi hækkunar á grunnvatnsborði er hentugt að veita um gömlu Árkvíslarfarvegina (en ekki er víst að það samræmist nýtingu og uppgræðslu svæðisins þar) og Hálsaleiru. Við það eykst líka vatn í Fljótsbotni. Vegna langvarandi lindarennslis í Landbroti er líklega hentugast að veita í hraunin móts við Skál og jafnvel neðar. Jökulvatni, ef til kemur, yrði væntanlega veitt fyrst og fremst til yfirfallslindanna og þá í eins litlum mæli og fært væri.

Líklega þarf að veita $5-20 \text{ m}^3/\text{s}$ á meðan á íveitunum stendur. Það ræðst af settum markmiðum, vali íveitustaða og fjölda þeirra og þar með viðráðanlegum mannvirkjum og rekstri íveitunnar. Frostþurrir veturnar, snemmbúin og lítil snjóleysing og kalt og þurrt ársumar leiða til mjög lágrar grunnvatnsstöðu og lítils lindarennslis um hásumarið. Frerar í hraununum geta þá líka tafið fyrir íveitum fram á vor. Við þessar aðstæður er þörf á mestum íveitum. Mildir veturnar, mikill snjór til fjalla og langur leysingatími miðlar vatni best og er þá íveitubörfin minnst. Því er líklegt, að haga verði íveitunni eftir aðstæðum, en það verður ekki gert nema með stöðugu og hæfilegu eftirliti með vatnshæð og rennsli, ástandi vatnsins (og þar með uppruna þess) og aðstæðum til veitu.

3.3 Umfangsmiklar aðgerðir

Það verða að teljast umfangsmiklar aðgerðir, ef ráðast þarf í gerð varanlegra mannvirkja með lokubúnaði til fveitna út á hraunið, jafnvel á fleiri en einum stað. Slík mannvirki þurfa sitt viðhald, og er líklegt að kostnaður við það að viðbættum afskriftum yrði meiri en sem nemur árlegum framkvæmdakostnaði við tímabundnar veitur, þegar á þarf að halda.

Einnig telst það til umfangsmikilla aðgerða, ef Skaftá yrði veitt úr farvegi sínum um Langasjó til Tungnaár og/eða um Kálflásléttur til Tungufjóts, og vatnið virkjáð til rafmagnsframleiðslu. Ekki er hægt með sanngirni að reikna með því, að hagsmunaaðilar í Eldhrauni þurfi að eiga þar hlut að máli fjárhagslega. Slíkar aðgerðir hefðu bæði jákvæð og (mögulega) neikvæð áhrif í Landbroti og Meðallandi. Vandi sá er fylgir sandburði myndi minnka, en langt að komið grunnvatnsstreymi til Landbrots og Meðallands gæti einnig minnkað. Á móti gæti þó vegið meira frennslí til grunnvatnsins frá uppistöðulónum í farvegi Skaftár. Frekari rannsókna er þörf til að skera úr um, hvert sé vægi einstakra þátta, og þar með væntanleg heildaráhrif þess að veita Skaftá til vesturs.

3.4 Nauðsynlegt eftirlit og kostnaður við einstaka liði

Samkvæmt nýju skipulagi Orkustofnunar frá ábryjun 1997 er stofnuninni skipt í orkumálahluta og rannsóknahluta. Allar fjárveitingar rkisins til orkurannsókna fara um orkumálahlutann. Vatnamælingar tilheyra rannsóknahlutanum og gera samninga um rekstur mæla í vatnshæðarmælakerfinu við orkumálahlutann, orkuþyrirtæki og aðra þá aðila, sem hagsmuna eiga að gæta. Skv. samningi við orkumálahlutann fyrir árið 1997 eru reknir vatnshæðarmælar í Langasjó við Útfall, í Skaftá hjá Sveinstindi, Skaftárdal og Kirkjubæjklaustri og í Ása-Eldvatni hjá Eystri-Ásum. Vatnshæð-

armælarnir í Tungulæk við Efstalækjarbrú, Grenlæk ofan Landbrotsár, Eldvatni í Meðallandi neðan Hnusa og í Þykkvabæjarlæk eru utan þessa samnings.

Í gangi eru viðræður milli helztu hagsmunaaðila um framtíð vatnshæðarmælakerfisins, m. a. um möguleika á sameiginlegri ábyrgð á rekstri einstakra mæla, þar sem margir eiga nokkra hagsmuni, en e. t. v. enginn næga til að vilja kosta hann einn. Gera má ráð fyrir að nokkrir framangreindir vatnshæðarmælar í Landbroti og Meðallandi fylli slíkan flokk.

Það er mat Vatnamælinga Orkustofnunar, að reka megi þessa mæla með tiltölulega ódýru móti, en þar er þó til þess að líta að vatnamælingar eru í sjálfu sér fremur dýr starfsemi. Vatnshæðarmælarnir í Tungulæk, Grenlæk og Eldvatni eru hver um sig metnir til rekstrarkostnaðar sem hálfur meðal vatnshæðarmælir, en mælirinn í Þykkvabæjarlæk sem fjórðungsmælir, þar eð við hann er ekki þörf á rennslismælingum.

Eftir að búið er að setja upp síritandi vatnshæðarmæla og mæla rennslislykil, er mun léttara að halda rekstri þeirra áfram. Rennslis- og vatnshæðargögn verða því nyttsamlegri og verðmætari sem tímaröð þeirra er lengri. Af þeim sökum er mikilvægara að halda áfram mælingum í Tungulæk en í Grenlæk, en allgóð tengsl eru milli rennslis í þeim. Hins vegar gætu veiðihagsmunir einir og sér e. t. v. staðið til þess að halda áfram rekstri vatnshæðarmælis í Grenlæk. Komi til virkjana með veitum úr Skaftá getur það haft áhrif á langtíma grunnvatnsstreymi til Eldhraunsins. Langbezti mælikvarðinn á slíkar breytingar, og þann meira eða minna „náttúrulega“ bakgrunn sem meta þarf þær á móti, fæst með áframhaldandi mælingum í Eldvatni í Meðallandi, þar sem um eða yfir helmingur lindavatns á svæðinu streymir þar fram. Meta þarf í samráði við orkumálasvið Orkustofnunar og e. t. v. Landsvirkjun, hvort orkuðnaðurinn eigi hagsmuna að gæta varðandi áframhaldandi

mælingar þar. Í Þykkvabæjarlæk fæst mæli-kvarði á langtímbreytingar í neðsta hluta grunnvatnsins, og ætti að nægja að lesa viku- til hálfsmánaðarlega á kvarðann þar. Í Fljótsbotni eru vatnsborðssveiflur miklar, en lesa mætti á þriggja til sjö daga fresti á kvarðann þar. Álestrar á báðum stöðum geta orðið að miklu liði við rannsóknir og eftirlit til frambúðar, en það er fyrst og fremst komið undir heimamönnum, hvort þeir vilja stunda þá.

Ráðlegt er að halda áfram sýnatöku til efnagreininga með reglugundnum hætti á völdum stöðum, þar sem fjarri er því að venjulegt „náttúrulegt jafnvægi“ ríki í grunnvatninu í Landbroti og Meðallandi. Í það minnsta þyrfti að fylgjast reglugundið með klóríð- og súlfatinnihaldi í Skaftá við Klaustur, gamla vatnsbólinu á Klaustri og í lind einni við Landbrotsá, ásamt hitastigi og leiðni. Hvar annars staðar þyrfti að stunda sýnatöku er háð því, hvort og hvar veitt er vatni út á hraunið, en gera má ráð fyrir tveimur til þremur sýnatökustöðum til viðbótar. Með sýnatöku fjórum til sex sinnum á ári væri þá um að ræða 20 til 36 efnagreiningar ár hvert.

Lokaorð

Það er von höfunda, að rannsóknir þessar hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt í upphafi. Verkefnið má að þeirra hyggju telja flókið og úrlausnir vandamála ekki augljósar. Hagsmunir margra aðila koma við sögu, þannig að líklegt má telja, að einhver nýsköpun í umsýslu og stjórnun vatnakerfa á Íslandi sjái dagsins ljós í tengslum við samspli Skaftár og lindalækja í Landbroti og Meðallandi.

Heimildir

Enno Bode, 1996. Hydrochemie und Hydrologie eines Gletscherlaufes in der Skafta (Süd-Island). Diplomar-

beit. Christian-Albrechts-Universität zu Kiel. 61 s. auk viðauka.

Freysteinn Sigurðsson, 1985. Jarðvatn og vatnajarðfræði á utanverðum Reykjanesskaga. IV. hluti. Viðaukar um grunnvatn. Orkustofnun OS-85075/VOD-06. 72 s.

Freysteinn Sigurðsson, 1991a. Groundwater from glacial areas in Iceland. Jökull 40, 119–146.

Freysteinn Sigurðsson, 1991b. Grunnvatnsaðstæður við Hæðargarðsvatn í Landbroti. Orkustofnun, greinargerð FS-91/02. 8 s. og 2 kort.

Freysteinn Sigurðsson, 1993. Groundwater chemistry and aquifer classification in Iceland. IAH-Memoires, Volume XXIV, Part 1, 507–518.

Freysteinn Sigurðsson, 1995a. Vatnið í lindunum. I: Eyjar í eldhafi. Afmælisrit til heiðurs Jóni Jónssyni, jarðfræðingi. Gott mál, Reykjavík, 53–66.

Freysteinn Sigurðsson, 1995b. Um grunnvatn við Skaftá. Orkustofnun, greinargerð FS-95/12. 10 s.

Freysteinn Sigurðsson, 1996. Vatnafar í Mýrasýslu. Samantekt vegna svæðisskipulags. Orkustofnun, greinargerð FS-96/06. 16 s. og 1 kort.

Freysteinn Sigurðsson, 1997a. Eldhraunsvötn og Skaftá. Erindi flutt á ráðstefnu um náttúrufar og lífríki í Skaftárhreppi. Kirkjubæjklaustri, 7. mars 1997. 6 s.

Freysteinn Sigurðsson, 1997b. Lindir í Landbroti og Meðallandi. Uppruni lindavatnsins. Orkustofnun, OS-97021. (Í útgáfu)

Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnarson, 1995. Um vatnsvið Þingvallavatns. Rannsóknáfangi 1995. Orkustofnun, greinargerð FS/GS-95/11. 22 s.

- Freysteinn Sigurðsson og Guttormur Sigbjarnarson, 1997. Vatnsvið Þingvallavatns. Rannsóknáfangi 1996. Orkustofnun, greinargerð FS/GS-97/02. 12 s.
- Freysteinn Sigurðsson og Jón Ingimarsson, 1990. Lekt íslenskra jarðefna. Í: Guttormur Sigbjarnarson (ritstjóri), Vatnið og landið, vatnafræðiráðstefna, október 1987. Orkustofnun. 121-126.
- Freysteinn Sigurðsson og Ragna Karlssdóttir, 1987. Fiskeldisrannsóknir í Vestur-Skaftafellssýslu 1987. Sérverkefni í fiskeldi 1987. Orkustofnun, OS-88029/VOD-08B. 27 s. auk viðauka.
- Guðrún Larsen, 1979. Um aldur Eldgjárhrauna. Náttúrufræðingurinn, 49, 1, 1-25.
- Guttormur Sigbjarnarson og Björn Erlendsson, 1972. Mælingar á aðrennslí Tungnaár og Skaftár 1972. Orkustofnun, Raforkudeild. 10 s.
- Halldór Pétursson, Birgir Jónsson, Erlingur Jónasson og Hákon Aðalsteinson, 1994. Skaftárveita til Tungnaár. Lausleg forathugun. Orkustofnun, OS-94051/VOD-09B. 13 s. auk viðauka.
- Haraldur Sigurðsson, 1978. Kortasaga Íslands. 2. bindi. Frá lokum 16. aldar til 1848. Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélags. Reykjavík. 279 s. og 43 myndir.
- Haukur Jóhannesson, 1997. Jarðfræði Skaftárhrepps. Erindi flutt á ráðstefnu um náttúrufar í Skaftárhreppi. Kirkjubæjarklaustri, 7. mars 1997.
- Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir, 1984. The Grímsvötn geothermal Area, Vatnajökull, Iceland. Jökull 34, 25-50.
- Helgi Magnússon, Jón Jónsson og Sigurður Þórarinsson, 1983. Árbók Ferðafélags Íslands 1983: Vestur - Skaftafellssýsla austan Skaftár og Kúðafljóts. Ferðafélag Íslands, Reykjavík. 183 s.
- Jón Jónsson, 1969. Á slóðum Skaftár og Hverfisfljóts. Náttúrufræðingurinn 39, 3-4, 180-209.
- Jón Jónsson, 1978. Eldstöðvar og hraun í Skaftafellsþingi. Náttúrufræðingurinn 48, 196-232.
- Jón Jónsson, 1987. Eldgjárgos og Landbrotshraun. Náttúrufræðingurinn, 57, 1-2, 1-20.
- Jón Jónsson, 1991. Vatnsfarvegir í Eldhrauni. Náttúrufræðingurinn, 61, 1, 25-27.
- Jón Jónsson, 1994. Eldreinin mikla. Skaftáreldar fyrr og síðar. Náttúrufræðingurinn, 64, 2, 111-130.
- Jón Jónsson, 1995. Þankabrot um Landbrot. Náttúrufræðingurinn, 65, 1-2, 31-51.
- Jón Steingrímsson, 1973. Æfisagan og önnur rit. Kristján Albertsson gaf út. Helgafell, Reykjavík. 438 s.
- Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1993. Eldhraunsvötn. Viðfangsefni og staða rannsókna. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-93/02, 8 s.
- Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1994a. Vatnsstaða og lindarennslivorið 1994. Minnisblað til sveitarstjóra Skaftárhrepps dags. 1994.06.10. 3 s.
- Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1994b. Eldhraunsvötn. Staða rannsókna í október 1994 og framhald þeirra. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-94/04, 4 s.
- Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1994c. Eldhraunsvötn. Endurskoðuð verkáætlun 1995-1997. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-94/05, 3 s.

- Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1995. Eldhraunsvötn. Staða rannsókna í október 1995 og verkáætlun 1996–98. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-95/06, 5 s.
- Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1996. Eldhraunsvötn. Uppgjör 1995 og endurskoðuð verkáætlun 1996. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-96/01, 4 s.
- Kristinn Einarsson og Freysteinn Sigurðsson, 1997. Uppgjör 1996 og verkáætlun 1997. Orkustofnun, greinargerð KE/FS-97/01. 2 s.
- Páll Jónsson, 1993. Stór Skaftárhlaup 1970–1991. Orkustofnun, OS-93056/VOD-09B. 23 s.
- Sigurður R. Gíslason, 1991. The chemistry of precipitation on the Vatnajökull glacier and chemical fractionation caused by partial melting of snow. *Jökull* 40, 97–117.
- Sigurður R. Gíslason, Stefán Arnórsson og Halldór Ármannsson, 1990. Chemical denudation rates in SW-Iceland. *Chemical Geology*, 94, 64–67.
- Sigurður R. Gíslason, Stefán Arnóson, og Halldór Ármannsson, 1996. Chemical weathering of basalt in Southwest Iceland: Effects of runoff, age of rocks and vegetative/glacial cover. *American Journal of Science*, 296, 837–907.
- Sigurður Þórarinsson, 1981. Bjarnargarður. Árbók Hins íslenska fornleifa-félags, 5–39.
- Snorri Zóphóníasson, 1994. Rennsli Skaftár og samband þess við lindar-ennsli. Framvinduskyrsla. Orkustofnun, OS-94037/06B. 7 s. auk mynda.
- Snorri Zóphóníasson, 1997. Grunnvatnsstaða og rennsli lækja í Landbroti og Meðallandi. Orkustofnun, OS-97018. 22 s. og 49 myndir.
- Snorri Zóphóníasson og Svanur Pálsson, 1996. Rennsli í Skaftárhlaupum og aur- og efnastyrkur í hlaupum 1994, 1995 og 1996. Orkustofnun OS-96066/VOD-07. 79 s.
- Svanur Pálsson og Snorri Zóphóníasson, 1992. Skaftárhlaupið 1991. Sérkenni í aur- og efnastyrk. Orkustofnun, OS-92014/VOD-02. 26 s.
- Sveinn P. Jakobsson, 1979. Petrology of Recent Basalts of the Eastern Volcanic Zone, Iceland. *Acta Nat. Isl.* 26. Náttúrufræðistofnun Íslands. 103 s. + 8 kort.
- Sveinn Pálsson, 1945. Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791 - 1797. 2. útgáfa, ljósprentuð 1983, Örn og Örlygur, Reykjavík. 813 s.
- Veðurstofa Íslands, 1924–. Veðráttan, mánaðar- og ársyfirlit samið á Veðurstofunni. Reykjavík.
- Thomas Voss, 1996. Zur Hydrogeologie und Hydrochemie des südwestlichen Abflusssystems des Vatnajökulls (Süd-Island). Diplomarbeit. Christian-Albrechts-Universität zu Kiel. 65 s. auk viðauka.

*Kristinn Einarsson
Freysteinn Sigurðsson.
Snorri Zóphóníasson*